

35.tbl.  
4. sept.  
2014  
21. árg.

# Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is,s:4643366/gsm:8953386



## 40+60+60= 160 !!!

Nú erum við búin að búa hér í 40 ár í þessari dásamlegu sveit og dettum inn á sjötugs aldurinn á þessu ári. Jónsi 8. sept. og Didda 22 nóv.

Af því það er svo gaman að koma saman og eiga góða stund með vinum og ættingjum ætlum við að slá saman í teiti og halda það laugardaginn 13. september í salnum á Illugastöðum. Gamanið hefst kl. 21.00, með hressingu í föstu og fljótandi formi með söng og glenski fram eftir nóttu.

Einlæg ósk ENGAR GJAFIR.

Vonumst til að sjá ykkur sem flest vinir og sveitungar.

Jónsi og Didda Illugastöðum

## TIL SÖLU.-HYUNDAI TUSON LUXURY ÁRGERÐ 2006 .

Bíllinn er ekinn 156.000 km.-Alla tíð í góðu atlæti og dekurdyr.

Reglulegt eftirlit alla tíð hjá heilbrigðisþjónustu bíla.

NT220 er bensínbíll-176 hestöfl -6 strokka-slagrymi 2656

### Aukahlutir og búnaður :

ABS HEMLAR-ÁLFELGUR DRÁTTARBEISLI-DÖKKT GLER -  
FJARSTÝRÐAR SAMLÆSINGAR-GEISLASPILARI  
GLERTOPPLÚGA-HRAÐASTILLIR-HÖFUÐPÚÐAR AFTAN-  
LÍKNARBELGIR-LEÐURÁKLÆÐI-DRÁTTARKÚLA  
RAFDRIFNAR RÚÐUR OG SPEGLAR-SPÓLVÖRN-ÚTVARP-  
GEISLASPILARI-SÍLSAVINDSKEIÐ-VÖKVASTÝRI  
ÞJÓFAVÖRN.

NÝLEGIR DEMPARAR-NÝLEG HEILSÁRSDEKK-TÖLVUSTÝRÐ  
HJÓLASTILLING NÝLEGA-BÚIÐ AÐ SKIPTA UM TÍMAREIM  
NÝLEGA SMURÐUR - EINN EIGANDI FRÁ UPPHAFI.

VERÐ 1.600.000. UPPLÝSINGAR Í SÍMA 8208240

ÖRN BYSTRÖM EINARSSTÖÐUM.



Innilegar þakkir fyrir  
auðsýnda samúð og vinahug  
vegna fráfalls Baldvins Einarssonar í Engihlíð.

Sigurborg Gunnlaugsdóttir



## Frá sundlaug Stórutjarnaskóla

Í vetur verður Sundlaug Stórutjarnaskóla opin sem hér segir:

**Mánudagskvöld kl 19:30 – 21:30**

**Fimmtudagskvöld kl 19:30 – 21:30**

Minum einnig á líkamsræktaraðstöðuna í skólanum sem við hvetjum fólk til að nýta sér.

**Aðgangseyrir í sundlaugina er kr 400-  
frítt fyrir börn á grunnskólaaldri og yngri,  
einnig er frítt fyrir 60 ára og eldri.  
Frítt er í líkamsræktaraðstöðuna**

*Stórutjarnaskóli- heilsueflandi skóli*



## Þingeyjarskóli

**Við Þingeyjarskóla/Krílabbæ vantar  
leikskólakennara / leiðbeinanda  
til starfa nú þegar í 50-70% stöðu.**

Umsækjendur þurfa að hafa faglegan metnað og góða samskiptafærni auk þess að vera skipulagðir, stundvísir, heilsuhraustir, jákvæðir, lausnamiðaðir, sveigjanlegir og hafa ánægju af því að vinna með börnum. Laun eru skv. kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ eða Framsýnar.

Nánari upplýsingar veitir skólastjóri:

Harpa Þ. Hólmgímsdóttir (S: 864-4310 / 464-3582 /464-3178)

[harpa@thingeyjarskoli.is](mailto:harpa@thingeyjarskoli.is)

Umsóknir óskast sendar til [harpa@thingeyjarskoli.is](mailto:harpa@thingeyjarskoli.is)

Umsókninni skal fylgja yfirlit yfir nám og fyrri störf umsækjenda, leyfisbréf og upplýsingar um þátttöku umsækjenda í verkefnum sem tengjast kennslu eða störfum með börnum.

**Umsóknarfrestur er til 8.september 2014.**